

Forsætisráðineytið

Reykjavík 2. febrúar 2023

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024-2028.

Umboðsmaður barna fagnar þeim tillögum sem fram koma í þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um eflingu barnamenningar fyrir árin 2024 – 2028. Umboðsmaður er fylgjandi því að komið verði á fót Miðstöð barnamenningar sem fari með yfirumsjón með starfsemi Barnamenningarsjóðs Íslands og verkefnisins List fyrir alla. Þá er jafnframt mikilvægt að Barnamenningarsjóður Íslands verði gerður að varanlegum sjóði sem njóti framlaga af fjárlögum líkt og lagt er til.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að umboðsmaður barna tilnefni einn fulltrúa í fimm manna stjórn Miðstöðvar barnamenningar. Einnig er lagt til að einn fulltrúi verði skipaður í stjórn Barnamenningarsjóðs Íslands samkvæmt tillögu frá umboðsmanni barna. Það er mat umboðsmanns að embættið eigi ekki að tilnefna fulltrúa til setu í stjórnnum og því færi betur á því að öðrum aðila væri falið það verkefni.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna